

Stjórn Skeljungs hf.
Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2017

Efni: Breytingartillaga vegna aðalfundar 16. mars 2017

Með vísan til auglýsingar stjórnar um aðalfund Skeljungs hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í félaginu, eftir því að eftirfarandi breytingartillaga verði tekin til meðferðar á fundinum.

Breytingartillagan varðar 5. dagskrárlið fundarins, nánar tiltekið breytingu á 8. gr. samþykka félagsins um kaup félagsins á eigin bréfum. Breytingartillaga Gildis er svohljóðandi:

Gerð er tillaga um að eftirfarandi texti verði ekki fjarlægður úr núverandi samþykktum félagsins og standi þar með óbreyttur í samþykktunum:

„Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni.“

Ákvæði samþykka myndi því hljóða svo yrði tillaga stjórnar samþykkt með framangreindum breytingum:

„Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé að því hámarki er lög leyfa. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni. Gætt skal að ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, um eigin hluti og kaup á eigin hlutum bréfum.“

Greinargerð með tillögu:

Stjórn gerir tillögu um að fjarlægja texta úr samþykktum félagsins sem mælir fyrir um að hámarkstími heimilda hluthafafunda sé til 18 mánaða. Verði tillagan samþykkt myndi felast í því sú efnislega breyting að hámark heimilda sem hluthafafundur getur veitt færist úr 18 mánuðum í 5 ár, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 2/1995.


Breytingartillaga Gildis byggir á því að ekki hafi verið færð fram rök fyrir því að þörf sé á því að breyta núgildandi fyrirkomulagi að þessu leyti. Ekki er þörf á því í skráðu hlutafélagi þar sem hluthafar koma saman a.m.k. einu sinni á ári að veita heimild til félags um kaup á eigin bréfum til margra ára í senn. Líta verður til þess að margt getur breyst á fimm árum, t.d. staða félagsins og samsetning hluthafa.

Sambærileg sjónarmið geta almennt átt við um kaup á eigin bréfum og um ákvörðun arðgreiðslna til hluthafa en slík ákvörðun er tekin árlega með hliðsjón af afkomu félagsins. Eðlilegt er að heimild um kaup á eigin bréfum sé endurskoðuð reglulega af hluthafafundi með hliðsjón af stöðu mála hverju sinni, líkt og gildir um meðferð tillagna um arðgreiðslur á aðalfundum.

Nauðsynlegt er að heimildir stjórnna til kaupa á eigin hlutum séu skýrar og afmarkaðar m.t.t. umfangs þeirra, tilgangs og verðlagningar. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er lögð fram í því skyni að viðhalda núgildandi fyrirkomulagi þess efnis að hluthafafundur taki reglulega til skoðunar heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum og að þær gildi ekki til lengri tíma en þörf er á.

Reykjavík 15. mars 2017

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri